

2007060046  
0000; 9310

Vegagerðin  
Jónas Snæbjörnsson, umdæmisstjóri  
Borgartúni 5 og 7  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. maí 2008

**Efni: Sundabraut 1. áfangi, Reykjavík, Sundagöng og Eyjalausn. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar að matsáætlun um 1. áfanga Sundabrautar, Sundagöng og Eyjalausn.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar dags. 6. mars 2008 tillaga að matsáætlun:

**Reykjavíkurborg og Vegagerðin. Sundabraut 1. áfangi, Sundagöng og Eyjalausn. Línuhönnun. Mars 2008.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnuninni, Matvælastofnun (veiðistjórnunarsvið), Siglingastofnun, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg með bréfi dags. 28. apríl 2008, Byggðastofnun með bréfi dags. 31. mars 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 31. mars 2008, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 3. apríl 2008, Matvælastofnun með bréfi dags. 12. mars 2008, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 28. mars 2008, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar dags. 4. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. apríl 2008. Einnig bárust athugasemdir frá Atla Má Jósafatssyni og Andreu Þormar með tölvupósti dags. 31. mars 2008, Eggerti Eyjólfssyni með tölvupósti dags. 13. mars 2008, Húsfélaginu Hólmasundi 4-20 með tölvupósti dags. 31. mars 2008 og íbúasamtökum Grafarvogs og Laugardals (sameiginlega) með tölvupósti dags. 31. mars 2008. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupósti dags. 16. maí 2008.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í tölvupósti Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar dags. 16. maí 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.2.14 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umhverfisáhrif á framkvæmdatíma. Í tillögunni kemur fram að Sundagöng muni liggja að hluta undir og í nágrenni sjúkrastofnunar og íbúðarhúsa. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um áhrif sprenginga á framkvæmdatíma á sjúkrastofnanir og íbúa. Ef búast megi við hávaða eða ónæði af völdum þeirra þurfi jafnframt að koma fram til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið.

Í kafla 4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um þætti sem ekki verða skoðaðir í matsskýrslu. Eftir ábendingar í umsögn Umhverfisstofnunar hafa Vegagerðin og Reykjavíkurborg fallist á að endurbirta umfjöllun um gróðurfar, fuglalíf og botndýralíf í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu beri jafnframt að gera grein fyrir þeim skilyrðum sem stofnunin setti fyrir eyjalausn í úrskurði þann 19. nóvember 2004 um 1. áfanga Sundabrautar.

Í kafla 3.4.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um deiliskipulag og taldar upp þær deiliskipulagsáætlanir sem liggja að framkvæmdasvæðinu eða framkvæmdasvæðið liggja innan. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að framkvæmdaraðili leiti til Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur eftir upplýsingum um gildandi skipulagsáætlanir á og við framkvæmdasvæðið og að gerð verði grein fyrir nauðsynlegum breytingum á þeim í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun bendir á að samþykkt deiliskipulag fyrir Þróttarsvæðið frá 1998 vantar í upptalningu í kaflanum.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Samrit: Samgöngustjóri Reykjavíkurborgar

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Reykjavíkurborg, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnunin, Matvælastofnun (veiðistjórnunarsvið), Siglingastofnun Íslands, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Línuhönnun.

